

55. fundur

Reykjavík 20. nóvember 2015

0912059SA IRÓ
Málalykill: 523

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Samflots bæjarstarfsmannafélaga**

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum,
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar,
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag
Vestmannaeyja)

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 21, þann 20. nóvember 2015, kl. 14:00.

Mætt var frá Samfloti starfsmannafélaga, Guðbjörn Arngrímsson og Gylfi Guðmundsson. Frá SNS: Sólveig B. Gunnarsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Nám stuðningsfulltrúa í grunnskóla og nám leikskólaliða

Starfsnám stuðningsfulltrúa í grunnskóla og starfsnám leikskólaliða er kennt á framhaldsskólastigi. Fyrir 2009 var nám stuðningsfulltrúa í grunnskóla metið til 71 eininga en síðan styttniður í 62 einingar. Með sama hætti var nám leikskólaliða fyrir 2009 metið til 71 eininga en síðan styttniður í 64 einingar.

Skilyrði fyrir mati á náminu til launa var að það næði 70 einingum. Frá árinu 2015 hafa báðar námsleiðirnar verið lengdar aftur í 79 og 76 einingar.

Á því tímabili sem námið var styttniður luku nokkrir einstaklingar náminu án þess að tillit væri tekið til þess við launasetningu þeirra.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að þrátt fyrir styttingu starfsnámsins á tímabilinu 2009 til 2015 skuli þeir starfsmenn sem luku námi stuðningsfulltrúa grunnskóla og námi leikskólaliða fyrir árið 2015 og starfa sem stuðningsfulltrúar í grunnskóla og sem leikskólaliðar, fá launaröðun í samræmi við aðra sem lokið hafa viðkomandi námsleiðum. Frá 1. maí 2015 raðast viðkomandi starfsmenn sem „Stuðningsfulltrúi II“ með 414 stig og sem „Leikskólaliði“ með 365 stig.

Fleira ekki gert.